

Sb.

208. Tillaga til þingsályktunar

[167. mál]

um eflingu iðnaðar og þjónustu á Vestfjörðum.

Flm.: Sigurgeir Bóasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að heita sér fyrir gerð áætlunar um eflingu iðnaðar og þjónustu á Vestfjörðum.

Greinargerð.

1. Breytingar á fólksfjölda og búsetu á Vestfjörðum.

Tækniframfarir og hagvöxtur hafa leitt til mikilla breytinga á atvinnuháttum og búsetu hér á landi. Á sama tíma hefur orðið mesta fólksfjölgun í sögu þjóðarinnar, en tala íbúa hefur þrefaldast frá aldamótum.

Á Vestfjörðum hefur þróunin á margan hátt verið ólík þróuninni í öðrum landshlutum. Um aldamót bjuggu um 12 500 manns á Vestfjörðum, en 1. desember 1979 var íbúatalan 10 363 og eru Vestfirðir eini landshlutinn þar sem íbúum hefur fækkað frá aldamótum. Frá aldamótum til ársins 1940 var íbúafjöldi á Vestfjörðum svo til óbreyttur, en upp úr því fór að gæta verulegrar fólksfækkunar allt til ársins 1972, en þá var íbúatalan lægst eða 9 925. Frá þeim tíma hefur orðið nokkur fólksfjölgun og var íbúafjöldinn 10 363 1. desember 1979.

Ef þessi þróun er athuguð nánar sést að á ýmsan hátt hafa Vestfirðir sérstöðu. Í fyrsta lagi hefur fækkun í sveitum orðið hlutfallslega meiri á Vestfjörðum en í öðrum landshlutum. Á árinu 1940 bjuggu 6 396 Vestfirðingar í sveitum en 1. desember 1979 bjuggu aðeins 2 088 manns í sveitum á Vestfjörðum (sjá töflu 1). Í öðru lagi hafa Vestfirðir sérstöðu að því leyti, að fjölgun í þéttbýli hefur orðið mun minni en í flestum öðrum landshlutum. Á árinu 1940 bjuggu 6 547 á þéttbýlisstöðum á Vestfjörðum samanborið við 8 275 1. desember 1979 og er fjölgunin aðeins 26.2% á þessu tímabili. Á sama tíma hefur fólksfjöldi í þéttbýli á landinu öllu aukist um 140%. Í samanburði við aðra landshluta er fjölgun í þéttbýli á Vestfjörðum svipuð og á Norðurlandi vestra, en í öllum öðrum landshlutum hefur fólksfjöldi í þéttbýli meira en tvöfaldast á þessu tímabili.

Með tilkomu skuttogaranna og mikillar uppbyggingar og endurbóta á fiskvinnslustöðvum hefur íbúum þéttbýlisstaða á Vestfjörðum fjölgað nokkuð hin síðari ár, en mjög mismunandi eftir stöðum. Í Bolungarvík hefur orðið mikil fjölgun, en íbúum þar fjölgað um 18.6% frá árinu 1975 til ársins 1979. Á Ísafirði hefur orðið nokkur fólksfjölgun allra síðustu ár en á flestum öðrum þéttbýlisstöðum á Vestfjörðum hefur íbúafjöldi nokkurn veginn staðið í stað. Almennt má segja að þéttbýlisstaðir á Vestfjörðum hafi ekki tekið við því fólki sem vegna breyttra atvinnuhátta hefur flust úr sveitum og minni útvegsstöðum. Margar ástæður hafa valdið þessari þróun, en ein mikilvægasta ástæðan er tvímælalaust sú að atvinnulíf á Vestfjörðum er einhæft og þjónustu á mörgum sviðum mjög ábótavant.

2. Atvinnuskipting á Vestfjörðum.

Nýjustu upplýsingar um skiptingu mannafla á atvinnugreinum og landshluta eru um árið 1978. Samkvæmt þeim var mannafla á Vestfjörðum 5 059 árið 1978. Heildarmannaflinn það ár var 100 912 og er hlutdeild Vestfjarða af heildarmannafla því um 5% (sjá töflu 2).

Ef atvinnuskipting á Vestfjörðum er athuguð nánar kemur í ljós gifurlegt misvægi í uppbyggingu atvinnulífsins.

Vestfirðingar hafa sérstöðu hvað varðar fiskveiðar og fiskvinnslu, en við þessar greinar starfaði 40.1% mannaflans á Vestfjörðum á árinu 1978. Á landinu öllu störfuðu aðeins 13.7% heildarmannaflans við þessar greinar. Í samanburði við aðra landshluta starfa hlutfallslega flestir við fiskveiðar og fiskvinnslu á Vestfjörðum. Á hinn bóginn kemur hér einnig fram sérstaða Vestfjarða hvað varðar „annan iðnað“ en fiskiðnað. Á árinu 1978 störfuðu aðeins 394 við „annan iðnað“ á Vestfjörðum eða 7.8% mannaflans. Á landinu öllu störfuðu 17 638 við „annan iðnað“ eða 17.5% heildarmannaflans. Í samanburði við aðra landshluta starfa hlutfallslega fæstir við „annan iðnað“ á Vestfjörðum.

3. Iðnaður.

Hlutdeild Vestfjarða miðað við mannafla var aðeins 2.2% í öðrum iðnaði en fiskiðnaði á árinu 1978 (sjá töflu 2). Ef nánar er athugað hvernig mannafla við þennan iðnað skiptist á iðngreinaflokkum sést hve hlutur framleiðsluiðnaðar er litill á Vestfjörðum (sjá töflu 3).

Við matvæla- og drykkjarvöruiðnað störfuðu 128 manns árið 1978. Á landinu öllu störfuðu 2 894 við þessar iðngreinar og er því hlutdeild Vestfjarða miðað við mannafla 4.4% í matvæla- og drykkjarvöruiðnaði. Ef teknir eru saman allir aðrir iðngreinaflokkar framleiðsluiðnaðar, þ.e. vefjar-, fata- og skinnaiðnaður, trjávöruiðnaður, pappírsiðnaður, prentun og annar framleiðsluiðnaður, kemur í ljós að á Vestfjörðum störfuðu aðeins 85 manns við þessa iðngreinaflokkum á árinu 1978. Á landinu öllu störfuðu hins vegar 8 639 við þessar iðngreinar. Í heild er því hlutdeild Vestfjarða í þessum iðngreinaflokkum tæpt 1%, en eins og áður hefur komið fram var hlutdeild Vestfjarða um 5% af heildarmannafla á árinu 1978.

4. Verslunarþjónusta.

Hlutdeild Vestfirðinga af heildarmannafla í verslun og viðskiptum var aðeins 2.7% á árinu 1978. Þetta segir sína sögu um stöðu verslunar á Vestfjörðum. Á árinu 1977 gerðu aðilar á vegum Framkvæmdastofnunar ríkisins könnun á verslun og þjónustu á Vestfjörðum. Niðurstaða þeirrar könnunar var m.a. sú, að verslunarþjónusta á Vestfjörðum væri víða mjög ófullnægjandi, vöruúrval mjög lítið, sérstaklega af ýmsum sérvörum, póstverslun við Reykjavík væri mikil og verslunarferðir til Reykjavíkur tíðar.

Vandi verslunar á Vestfjörðum er einkennandi fyrir dreifbýlisverslunina yfirleitt. Fjarlægð frá heildsölum veldur minni veltuhraða vörubirgða. Meiri vörubirgðir krefjast aukins rekstrarfjár, vaxtakostnaður verður meiri og stærra geymslurými nauðsynlegt. Við verslun með sérvörur verður þessi vandi sérstaklega mikill og veldur því að margar verslanir treysta sér ekki til að hafa þær á boðstólum. Fleira má nefna, eins og kostnað við pantanaafgreiðslu og lánsviðskipti, en slíkan kostnað þurfa verslanir í þéttbýli ekki að bera.

Annar vandi smásöluverslana á Vestfjörðum er uppbyggingarvandinn. Vegna léglrar rekstrarafkomu hefur víða ekki tekist að skapa fjármagn til uppbyggingar, og stofnlán til byggingar verslunarhúsnæðis hafa ekki verið fyrir hendi nema að takmörkuðu leyti. Hér þarf Byggðasjóður að koma til, en til þessa hefur Byggðasjóður ekki lánað til bygginga verslunarhúsnæðis.

Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið, er ljóst að mikið misvægi er í atvinnubyggingu á Vestfjörðum og verslunarþjónustu ábótavant. Flutningur þessarar þingsályktunartillögu er viðleitni í þá átt að úr þessu verði bætt. Eðlilegt er að sú áætlun, sem tillagan gerir ráð fyrir, verði unnin af Framkvæmdastofnun ríkisins í samvinnu við sveitarstjórnir á Vestfjörðum og Fjórðungssamband Vestfirðinga. Í framhaldi af því er eðlilegt, að stofnlánasjóðum auk Byggðasjóðs verði

falið að veita lán til þeirra framkvæmda, sem áætlunin felur í sér. Á undanförunum árum hefur mikil uppbygging átt sér stað í sjávarútvegi og fiskvinnslu víðs vegar á landinu, og hefur Byggðasjóður komið þar við sögu. Hér hefur verið stigið fyrsta skrefið í framkvæmd byggðastefnunnar, en aðeins fyrsta skrefið. Ef markmið byggðastefnunnar eiga að nást hlýtur Byggðasjóður nú að snúa sér að öðrum verkefnum til að skapa fjölbreyttara atvinnulíf á landsbyggðinni og að uppbyggingu verslana í dreifbýli.

Einhæfir atvinnuvegir stuðla að óstöðugleika í búsetu. Fólk, sem af einhverjum ástæðum getur ekki unnið við fiskveiðar og fiskvinnslu, á erfitt með að fá starf við sitt hæfi og verður oft að flytjast búferlum þangað sem atvinnutækifærin eru fjölbreyttari. Þá laðar einhæft atvinnulíf fólk ekki til búsetu, eins og reynslan sýnir ef athuguð er sú litla fólksfjölgun sem orðið hefur á flestum þéttbýlisstöðum á Vestfjörðum á undanförunum árum þrátt fyrir mikla, en einhæfa atvinnu.

Nálægð Vestfjarða við ein bestu fiskimið landsins og góð hafnarskilyrði veldur því, að fiskveiðar og fiskvinnsla verða um ókomin ár aðalatvinnugreinar Vestfirðinga. Þá veldur fjarlægð Vestfjarða frá aðalmarkaðs- og orkuöflunarsvæði landsins því, að þar er ekki hagkvæmt að reka orkufrekan stóriðnað. Á hinn bóginn er það ljóst, að ákveðin fjölbreytni í atvinnulífi er nauðsynleg ef halda á uppi traustri byggð í landshluta eins og Vestfjörðum. Það er því eitt meginmarkmið þessarar þingsályktunartillögu að stuðla að fjölbreyttara atvinnulífi á Vestfjörðum.

Hitt skiptir ekki minna máli, ef halda á uppi traustri og vaxandi byggð úti um land, að verslunarþjónustan sé viðunnandi. Málafni dreifbýlisverslana hafa mikið verið til umræðu á undanförunum árum, en í raun hefur lítið annað gerst. Nefndir hafa verið skipaðar og skýrslur samdar, en raunhæfar úrbætur ekki komist í framkvæmd. Það er annað meginmarkmiðið með þessari þingsályktunartillögu, að úr þessu verði bætt hvað Vestfjörðum viðkemur, en hið sama á við um dreifbýlisverslanir víða um land.

Tafla 1.

Íbúafjöldi á Vestfjörðum 1940—1979

A. Þéttbýlisstaðir	1940	1950	1960	1970	1975	1976	1977	1978	1979
Patreksfjörður	716	860	957	996	1026	1029	1035	1025	1016
Tálknafjörður			96	173	204	215	290	307	326
Bíldudalur ..	352	385	360	311	353	323	335	351	354
Þingeyri	378	315	340	395	384	391	435	429	438
Flateyri	440	418	530	455	412	421	438	469	446
Suðureyri	355	411	403	459	518	511	500	526	512
Bolungarvík .	643	688	767	978	1053	1119	1186	1215	1249
Ísafjörður,									
Hnífsd.	3129	3087	3013	3005	3081	3120	3203	3251	3301
Súðavík	218	231	184	201	226	222	256	252	248
Hólmavík ...	326	408	388	331	346	346	367	385	385
Þéttbýlisstaðir alls:	6557	6803	7038	7304	7603	7697	8045	8210	8275
B. Dreifbýli og blönduð byggð alls:	6396	4363	3280	2746	3436	2354	2135	2080	2088
Íbúafjöldi alls:	12953	11166	10318	10050	10039	10051	10180	10290	10363

Tafla 2.

Atvinnuskipting á Vestfjörðum á árinu 1978.

Atvinnugrein	Mannafli á Vestfj.	Hlutfallsleg skipting mannafla á Vestfjörðum	Heildar-mannafli	Hlutf.skipt. heildar-mannafla	Hlutdeild Vestfjarða í einstökum atvinnugr.
Landbúnaður	681	13.5%	8108	8.0%	8.4%
Fiskveiðar	671	13.3%	5373	5.3%	12.5%
Fiskiðnaður	1356	26.8%	8486	8.4%	16.0%
Annar iðnaður	394	7.8%	17638	17.5%	2.2%
Byggingarstarfsemi	509	10.1%	11023	10.9%	4.6%
Rafveitur, vatnsveitur ..	127	2.5%	1102	1.1%	11.5%
Verslun og viðskipti	417	8.2%	15182	15.1%	2.7%
Samgöngur	248	4.9%	8033	8.0%	3.1%
Önnur þjónusta	656	12.9%	25967	25.7%	2.5%
Samtals	5059	100.0%	100912	100.0%	

Heimild: Hagstofndi júní '80.

Tafla 3.

Skipting mannafla við annan iðnað (fiskiðnaður undanskilinn) á Vestfjörðum í iðngreinaflokka á árinu 1978.

Iðngreinaflokkar	Mannafli á Vestfjörðum	Heildar-mannafli	Hlutdeild Vestfjarða %
Matvæla- og drykkjarvöruiðnaður	128	2894	4.4%
Vefjar-, fata- og skinnaiðnaður	22	2406	0.9%
Trjávöruiðnaður	39	1358	2.9%
Pappírsiðnaður, prentun og blaðaútgáfa	10	1770	0.6%
Annar framleiðsluiðnaður	14	3105	0.5%
Blandaður iðnaður, nýsmíði og þjónusta	137	4118	3.3%
Þjónustuiðnaður	44	1987	2.2%
Samtals	394	17638	2.2%

Heimild: Landssamband iðnaðarmanna.